



VISIT HÚSAVÍK

FRÉTTABRÉF HÚSAVÍKURSTOFU

EFNI BRÉFSINS

Gönguskíði
Götukort
Aðildargjöld
Samfélagsmiðlar
Óskar for Húsavík
Opnunartímar
Höfnin

Það hefur verið gleðilegt að sjá aukinn fjölda íslenskra ferðamanna sem hafa lagt leið sína norður. Það má búast við fleiri ferðalöngum í mars, en t.d. er gönguskíðanámskeið Fosshótelshaldið allar helgarnar í mars og er uppbókað í öll fjögur námskeiðin. Jákvætt er að finna fyrir áhuga landsmanna að ferðast innanlands og vonandi getum haldið áfram á þessu róli inn í sumarið.

Gönguskíðasporið hefur verið skráð inn á www.skisporet.no sem mun sýna færðina í rauntíma og ætti að hjálpa heimamönnum og gestum að nálgast upplýsingar um skíðasvæðið.

Það eru ýmis verkefni sem þarf að klára fyrir sumarið, t.d. götukortið. Það er í undirbúningsvinnu og hönnunarferli. Götukortið var gefið út síðast 2019 en að sökum ástandsins í fyrra vor þá var hætt við útgáfu kortsins. Nú er kominn tími á nýja útgáfu og munum senda skráningarform innan tíðar.

Aðildargjöld voru felld niður í fyrra vegna aðstæðna. Í ár mun vera sama verðskrá á aðildargjöldum eins og var 2019. Með þessum tekjum skapast rými til að fara í markaðsherferðir, kostaðar birtingar og önnur verkefni. Í þessum tölvupósti er annað .pdf skjal sem tekur saman hvað aðildarfélagar fá út úr Húsavíkurstofu.

Minum á að tagga [@visithusavik](#) á samfélagsmiðlum. Sérstaklega þegar þið póstið story á Instagram, þá er auðvelt fyrir okkur að endurdeila ef við erum merkt í færsluna.

Við erum ávallt í leit að góðu myndefni og söfnum í myndabanka. Ljósmyndir úr starfsemi fyrirtækisins eða almennt frá Húsavík er alltaf gott að fá og sendist á info@visithusavik.is.

Lagið “Húsavík” er eitt þeirra fimmtán laga sem koma til greina sem besta lag í kvikmynd á Óskarsverðlaununum í ár. Þann 15. mars mun koma í ljós hvaða fimm lög verða tilfnefnd fyrir Óskarinn. Örlygur Hnefill, Leonardo Piccione og Rafnar Orri standa fyrir frábæri herferð sem ber heitið Óskar for Húsavík! Hafa fjölmiðlar um víða veröld skrifað um þessa herferð og varpað kastljósinu á Húsavík. Nánar er hægt að kynna sér þetta skemmtilega framtak inn á oskarforhusavik.com.

Því tengt, þá er Eurovision-safnið í fullum undirbúningi, vel hefur gengið að sækja styrki fyrir undirbúning á safninu og stefnan sett á opnun í sumar.

Húsavíkurstofa fékk nýverið styrk frá lista- og menningarsjóði Norðurþings til að setja upp skilti (e. man-size cutout) af karakterum úr Eurovision kvikmyndinni. Það er háð leyfi Norðurþings varðandi staðsetningar en stefnt er að hafa þau uppi yfir sumarið. Við værum að nýta okkur krafta samfélagsmiðla þar sem þetta væri vonandi vinsælt meðal ferðalanga, t.d. í að taka mynd af sér við hliðin á skiltunum og væri þá efnissköpun og birting (e. co-creation marketing) í þeirra höndum.

Við höldum úti upplýsingum um opnunartíma, þetta er byggt á heimasíðum og Facebook síðum fyrirtækjanna þannig það má endilega benda á þetta og einnig láta okkur vita ef opnunartímar breytast. Tengill inn á vetrarsíðuna:

<https://www.visithusavik.com/is#Vetur>

Hvalaskoðunartímabilið er nú hafið og byrjaði Norðursigling með skipulagðar ferðir 1. mars. Gentle Giants og Húsavík Adventures munu síðan einnig hefja siglingar von bráðar.

Við kynntum nýverið fyrir Norðurþingi hugmynd að bættri markaðssetningu fyrir höfnina og skemmtiferðarskipin. Við teljum að það megi bæta markaðssetningu og upplýsingagjöf fyrir skipuleggjendur og farþega skemmtiferðaskipanna.

Við stefnum á að leggja aukna áherslu á Demantshringinn og vinna með Markaðsstofu Norðurlands kringum vörumerkið. Næsta sumar er fyrsta sumarið eftir opinberlega opnun hringsins og ætlum við að sjá til þess að leiðin verði aðdráttarafl fyrir innlenda og erlenda ferðamann.

info@visithusavik.is

860 1088
